



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 42/2021

Krisu-útrýmingarsala Cromwell Rugs ehf.

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Cromwell Rugs ehf., dags. 4. október 2021, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábendingar um viðskiptahætti félagsins sem hefðu komið fram í auglýsingum sem fylgdu Morgunblaðinu þann 2. október 2021. Í bréfinu kom fram að stofnunin teldi að ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., 11. gr. og 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, ættu við í málinu. Gerði stofnunin jafnframt grein fyrir inntaki reglnanna. Með vísan til 13. gr. laga nr. 57/2005 fór stofnunin fram á skýringar félagsins á því sem fram kom í auglýsingunni, annars vegar „*COVID-19 og alþjóðlegar refsiaðgerðir gegn Íran hafa haft slæm áhrif á framboð okkar, heilsölu, viðskiptavini og sjóðsstreymi.*“ og hins vegar „*Upprunalegt verð er löggilt vátryggingargildi vörunnar. Hverju teppi fylgir verðmatsvottorð sem gefið er út af löglegum teppamatsmanni.*“ Þá fór stofnunin fram á að félagið færði fram sönnur um fyrra verð og óskaði eftir frekari skýringum og athugasemdum við erindi stofnunarinnar. Í ljósi þess stutta sölutíma sem um ræddi og þeirrar skýru skyldu sem hvíli á fyrirtækjum að geta sannað fyrra verð á vörum sínum þegar kynnt er lækkað verð taldi stofnunin að krefjast þyrfti skjótra svara. Var svarfrestur veittur til kl. 15:00, þriðjudaginn 5. október 2021. Þá vísaði stofnunin jafnframt til heimildar til töku bráðabirgðarákvörðunar samkvæmt 3. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005.

2.

Svar barst Neytendastofu með tölvubréfi, móttakið 4. október 2021, þar sem tilkynnt var að erindið hafi verið kynnt fyrirsvarsmönnum Cromwell Rugs og að þeir myndu taka saman þær upplýsingar sem óskað væri eftir. Þó væri ekki hægt að senda umræddar upplýsingar fyrir þriðjudaginn 5. október 2021 og því óskað eftir framlengingu á fresti um eina viku. Félagið myndi verða við beiðni Neytendastofu og stöðva birtingu auglýsinga sinna á meðan stofnunin skoðaði málið.



3.

Með tölvubréfi Neytendastofu til Cromwell Rugs, sent 5. október 2021, var félaginu tilkynnt um að stofnunin geti fallist á að framlengja svarfrest vegna upplýsinga í auglýsingum um eina viku, n.tt. til kl. 15:00, þriðjudaginn 12. október, að því skilyrði uppfylltu að upplýsingarnar yrðu ekki birtar á tímabilinu. Í tölvubréfinu kom einnig fram að stofnunin hafi fengið upplýsingar um að tilboðsmerkingar væru jafnframt á vörum á sölustað. Athugasemdir stofnunarinnar taki til þeirra jafnt sem auglýsinga félagsins og því þurfi jafnframt að taka niður merkingar í verslun á tímabili viðbótarfrests. Tekið var fram að fallist félagið ekki á að taka tilboðsmerkingar niður úr verslun sé stofnunin tilbúin að framlengja svarfrest vegna kynningar á verðlækkun um einn sólarhring, n.tt. til kl. 15:00, miðvikudaginn 6. október 2021, að því skilyrði uppfylltu að auglýsingar yrðu ekki birtar á tímabilinu. Þá var félagið vinsamlegast beðið um að upplýsa stofnunina um það hvort tilboðsmerkingar yrðu teknar niður í verslun frá kl. 14:00, þann 5. október 2021, eða hvort svars mætti vænta næsta dag, þann 6. október 2021.

4.

Með tölvubréfi f.h. Cromwell Rugs, móttekið 5. október 2021, var stofnuninni tilkynnt að ítrekað hefði verið við fyrirsvarsmenn félagsins að auglýsa ekki á umræddan hátt á meðan málið væri til skoðunar hjá stofnuninni. Þann 6. október 2021 myndi stofnuninni berast upplýsingar um starfsemi félagsins. Frekari upplýsingar myndu berast síðar. Ekki yrði gert ráð fyrir því að félagið væri komið með allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir þá dagsetningu. Þær upplýsingar yrðu sendar þegar þær bærust.

5.

Þann 5. október 2021 barst einnig tölvubréf frá Cromwell Rugs þar sem finna mátti upplýsingar um teppaiðnaðinn í Íran. Tekið var fram að krísan í iðnaðinum væri mjög flókin og margþætt. Með erindinu fylgdu tíu hlekkir sem vísuðu á mismunandi greinar um teppaiðnaðinn í Íran frá sjálfstæðum fréttaveitum. Var stofnunin hvött til að fara vel í gegnum umræddar greinar. Þá var stofnuninni tilkynnt að félagið myndi útvega frekari upplýsingar eins fljótt og auðið væri. Þetta væri aðeins fyrsta tölvubréfið af mörgum.

Með tölvubréfi Neytendastofu, sent 5. október 2021, var þakkað fyrir upplýsingarnar og tekið fram að gera mætti ráð fyrir því að fulltrúar Neytendastofu kanni merkingar í versluninni og hvort þeim hafi verið breytt auk þess sem fylgst yrði nánar með auglýsingum félagsins.

6.

Þann 6. október 2021 framkvæmdu tveir fulltrúar Neytendastofu athugun á verðmerkingum á sölustað Cromwell Rugs, Víkurhvarfi 2, Kópavogi. Af skoðuninni varð ljóst að á sölustað væru enn að finna tilboðsmerkingar á þó nokkrum teppum. Voru merkingarnar með þeim hætti að á stóru hvítu blaði með svörtu lettri var tilgreint ákveðið verð, sem átti að vera verðmat teppamatsmanns, og á smærri áföstum miða var ritað núverandi verð í rauðu lettri.



Átti stóri miðinn jafnframt að þjóna þeim tilgangi að vera einskonar upprunavottorð eða „verðmatsvottorð“ fyrir viðkomandi teppi.

7.

Í kjölfar athugunarinnar tók Neftendastofa bráðabirgðaákvörðun um fyrra verð á teppum hjá Cromwell Rugs með bréfi, dags. 7. október 2021, á grundvelli heimildar í 3. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005. Vísaði stofnunin til fyrri samskipta þar sem fram hefði komið að svarfrestur yrði framlengdur gegn því að verðmerkingar yrðu fjarlægðar af sölustað og aðrar auglýsingar félagsins fjarlægðar. Þá var vísað til þess að athugunin hafi leitt í ljós að víðsvegar á sölustað væru enn að finna tilboðsmerkingar á ákveðnum teppum. Þá hafi einnig verið birt auglýsing í Morgunblaðinu þann 7. október 2021 þar sem kynnt hefði verið lækkað verð á vörunum. Hafði félagið því ekki staðið við fyrra samkomulag vegna framlengds svarfrests. Taldi stofnunin framsetningu Cromwell Rugs á verðlækkun vera villandi fyrir neytendur þar sem hún gæfi til kynna að núverandi verð væri lækkað verð frá „matsverðinu“ þrátt fyrir að ekki hafi verið lögð fram gögn um að teppin hafi áður verið seld á herra verðinu hér á landi. Það væri því mat Neftendastofu að hinn almenni neytandi væri líklegur til að taka ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði annars ekki tekið. Ítrekaði stofnunin jafnframt tilvísanir til ákvæða 4. mgr. 6. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. og 8. gr., laga nr. 57/2005 sem og 3. gr. reglna nr. 366/2008.

Vegna þess stutta sölutíma sem um ræddi í málinu og áberandi markaðssetningar sem og að teknu tilliti til umfangs verðlækkunar sem kynnt hefði verið og þeirrar skýru skyldu fyrirtækja að geta sannað auglýst fyrra verð á vörum sínum þegar kynnt væri lækkað verð, taldi stofnunin að viðskiptahættir Cromwell Rugs væru til þess fallnir að skaða verulega heildarhagsmuni neytenda ef ekki væri brugðist strax við. Cromwell Rugs hafi ekki orðið við kröfu Neftendastofu um sönnun á fyrra verði og ekki fylgt skilyrðum þess að svarfrestur yrði framlengdur. Taldi stofnunin því nauðsynlegt að banna Cromwell Rugs að viðhafa umrædda viðskiptahætti. Gildistími bráðabirgðaákvörðunarinnar yrði frá og með dagsetningu bréfsins til 15. október 2021.

Var félaginu bannað að birta tilboðsmerkingar í auglýsingum og á sölustað á meðan bannið væri í gildi. Þá var félaginu gert að fjarlægja þær tilboðsmerkingar sem þegar mætti finna í auglýsingum og á sölustað. Var félaginu tilkynnt að yrði ekki farið að banninu og merkingar fjarlægðar mætti búast við að tekin yrði ákvörðun um sekt á grundvelli b. liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.

8.

Þrátt fyrir áðugreinda bráðabirgðaákvörðun stofnunarinnar birti Cromwell Rugs aðra auglýsingu í Morgunblaðinu þann 9. október 2021.

Engar frekari skýringar eða athugasemdir bárust stofnuninni vegna málsins.



II. Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að framsetningu verðlækkana og tilboðsmerkinga af hálfu Cromwell Rugs ehf., bæði í auglýsingum og á sölustað, og sanngildi fullyrðinganna „*COVID-19 og alþjóðlegar refsiaðgerðir gegn Íran hafa haft slæm áhrif á framboð okkar, heildsölu, viðskiptavini og sjóðsstreymi.*“ annars vegar og „*Upprunalegt verð er löggilt váttryggingargildi vörunnar. Hverju teppi fylgir verðmatsvottorð sem gefið er út af löglegum teppamatsmanni.*“ hins vegar, sem birtust í auglýsingu félagsins í Morgunblaðinu. Samkvæmt ábendingum sem bárust stofnuninni virtust vörur félagsins ekki hafa verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Samkvæmt upplýsingum í auglýsingu frá félaginu var hið auglýsta fyrra verð í raun löggilt váttryggingargildi vörunnar sem byggt væri á verðmati teppamatsmanns. Með teppunum fylgdi verðmatsvottorð því til staðfestingar. Vísaði Neytendastofa til ákvæða 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., 11. gr. og 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Í samskiptum við Cromwell Rugs féllst stofnunin á að framlengja þann stutta svarfrest sem veittur hafði verið vegna aðstæðna gegn því að félagið fjarlægði tilboðsmerkingar á sölustað og stöðvaði auglýsingar félagsins. Þann 5. október 2021 bárust stofnuninni hlekkir á tíu greinar um teppaiðnaðinn í Íran í þeim tilgangi að renna stoðum undir þær upplýsingar sem fram komu í auglýsingu félagsins í Morgunblaðinu.

Eftir að framkvæmd var athugun á verðmerkingum á sölustað félagsins þann 6. október 2021, og eftir birtingu nýrrar auglýsingar í Morgunblaðinu þann 7. október 2021, var ljóst að félagið hafði ekki farið að þeim skilyrðum sem Neytendastofa setti ef framlengja ætti frest til að veita skýringar og önnur svör við upprunalegt erindi stofnunarinnar. Nýtti stofnunin því heimild sína til töku bráðabirgðaákvörðunar og bannaði félaginu að viðhafa umrædda viðskiptahætti frá 7. október til 15. október 2021. Bárust engin frekari svör frá Cromwell Rugs í málinu.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.



Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til d. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértílbod eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,“

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Tilgangur ákvæðisins er sá að koma í veg fyrir að neytendur séu blekktir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur. Verðlækkun verður að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði en samskonar vörur eru venjulega seldar á. Seljendum er því samkvæmt ákvæðinu ekki heimilt að auglýsa verðlækkun nema raunveruleg verðlækkun hafi átt sér stað.

Með heimild í lögum nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Í 3. gr. er fjallað um fyrra verð en þar segir að þegar auglýst sé lækkað verð á vöru eða þjónustu skuli fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom. Þá ber seljanda að geta sannað að varan eða þjónustan hafi verið seld á því verði sem tilgreint var sem fyrra verð.



Þá segir í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. er matskennt og háð mati Neytendastofu eða dómstóla hverju sinni að meta hvort viðskiptahættir samræmist góðum viðskiptaháttum á hverjum tíma. Við það mat hefur stofnunin m.a. litið til sjónarmiða annarra laga sem eiga við um starfsemina, þar sem það á við.

3.

Neytendastofa fór fram á að Cromwell Rugs færði sönnur á að teppi sem seld voru af félaginu hefðu verið seld á því verði sem auglýst var sem fyrra verð, bæði í auglýsingum og á sölustað. Þá fór stofnunin jafnframt fram á að félagið sannaði tvær fullyrðingar sem birtust í auglýsingu félagsins í Morgunblaðinu þann 2. október 2021, annars vegar „*COVID-19 og alþjóðlegar refsiaðgerðir gegn Íran hafa haft slæm áhrif á framboð okkar, heildsölu, viðskiptavini og sjóðsstreymi.*“ og hins vegar „*Upprunalegt verð er löggilt váttryggingargildi vörunnar. Hverju teppi fylgir verðmatsvottorð sem gefið er út af löglegum teppamatsmanni.*“ Verður fyrst fjallað um þær upplýsingar sem birtust í auglýsingum félagsins.

Í svörum frá félaginu í tengslum við umræddar fullyrðingar var vísað til tíu hlekkja sem vísuðu á mismunandi greinar um teppaiðnaðinn í Íran frá sjálfstæðum fréttaveitum. Voru allar greinarnar frá árinu 2018, að undanskilinni einni grein frá því í október 2019. Fjalla þær ekkert um áhrif COVID-19 á teppamarkaðinn í Íran og tengsl við það lága verð sem teppin eru seld á í samanburði við tilgreint matsverð. Þá hefur félagið ekki sýnt fram á að hvaða leiti viðskiptatakmarkanir Bandaríkjanna í Íran hafa áhrif á verðlagningu teppanna hér á landi. Cromwell Rugs er heimilt að ákveða verðlagningu hér á landi óháð viðskiptatakmarkunum Bandaríkjanna, enda eru þær markaðssetningu teppanna hér á landi óviðkomandi. Þar að auki sýna heimildirnar ekki fram á með hvaða hætti umræddar viðskiptatakmarkanir hafa leitt til þeirra verðlækkana sem auglýstar hafa verið frá tilgreindu matsverði teppanna. Sér stofnunin því ekki annan tilgang með birtingu framangreindrar fullyrðingar en að tengja kaup neytenda á teppunum við bága stöðu félagsins á teppamarkaði. Í auglýsingunni eru upplýsingarnar jafnframt birtar samhliða textanum „*Við erum í meiri vandræðum en nokkru sinni fyrr!*“. Þá hefur félagið ekki fært fram gögn sem renna stoðum undir þá fullyrðingu sem snýr að löggildu váttryggingargildi teppanna og að teppin hafi verið metin af löglegum teppamatsmanni. Hefur félaginu því ekki tekist að sýna fram á hvað felist í framangreindum upplýsingum í auglýsingum sínum og hvaða þýðingu þær hafa fyrir markaðssetningu eða verðlagningu teppanna hér á landi.



Með hliðsjón af framangreindu, ásamt framsetningu umræddra upplýsinga í auglýsingum félagsins, er það mat Neytendastofu að umræddir viðskiptahættir samræmist ekki góðum viðskiptaháttum og séu óhæfilegir gagnvart hagsmunum neytenda. Hefur félagið því með þessum viðskiptaháttum sínum brotið gegn ákvæði 13. gr. laga nr. 57/2005.

4.

Engar skýringar bárust frá félaginu í tengslum við auglýst fyrri verð í tilboðsmerkingum félagsins með teppum í auglýsingum og á sölustað. Einu skýringarnar sem stofnunin hefur undir höndum í tengslum við tilgreind fyrri verð eru þær að verðið sé í raun „löggilt váttryggingargildi“ teppanna, sbr. upplýsingar í auglýsingum félagsins. Verðið sé fundið út af „löglegum teppamatsmanni“ sem gefi síðan út verðmatsvottorð sem fylgir með teppunum. Ekki er þó að sjá að teppin hafi verið seld á þessu tiltekna verði hér á landi. Ekkert hefur því komið fram sem réttlætir notkun upphæðarinnar í tilboðsmerkingum félagsins eins og að um sé að ræða verð sem teppin hafi áður verið seld á og að „núverandi verð“ sé lækkað verð frá þeirri upphæð.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa að Cromwell Rugs hafi með þessari framsetningu á tilboðsmerkingum gefið rangar upplýsingar um verðhagræði og að ekki hafi verið um raunverulega verðlækkun að ræða. Enn fremur telur stofnunin að þessir viðskiptahættir séu til þess fallnir að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Cromwell Rugs hefur því með þessari háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, auk 3. gr. reglna nr. 366/2008.

5.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 að banna Cromwell Rugs að viðhafa framangreinda viðskiptahætti.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna, og fyrir brot gegn fyrirmælum eða ákvörðunum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b. laganna, skv. b. lið 1. mgr. 22. gr. laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið, umfangs brota Cromwell Rugs í málinu og áhrifa þeirra á heildarhagsmuni neytenda, ásamt broti gegn bráðabirgðaákvörðun stofnunarinnar frá 7. október 2021, telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Cromwell Rugs alvarlegt og til þess fallið að raska verulega fjárhagslegum hagsmunum neytenda auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Cromwell Rugs ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 3.000.000 (þrjár milljónir króna).



III.

Ákvörðunarorð:

„Cromwell Rugs ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, hefur með því að birta fullyrðingarnar „*COVID-19 og alþjóðlegar refsiaðgerðir gegn Íran hafa haft slæm áhrif á framboð okkar, heildsölu, viðskiptavini og sjóðsstreymi.*“ annars vegar og „*Upprunalegt verð er löggilt vátryggingargildi vörunnar. Hverju teppi fylgir verðmatsvottorð sem gefið er út af löglegum teppamatsmanni.*“ hins vegar, brotið gegn ákvæði 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Cromwell Rugs ehf. hefur með kynningu um lækkað verð án þess að hafa sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Cromwell Rugs ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Cromwell Rugs ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 3.000.000 kr. (þrjár milljónir króna) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkisjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 14. október 2021

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir